



**STÓRSVEIT SAMÚELS JÓNS SAMÚELSSONAR** kemur fram í kvöld á Faktory. Tónleikarnir eru hluti af Djasshátíð Reykjavíkur. Hljómsveitin, sem dansar á finni línu fónks og afróbits, hefur leikinn klukkan níu.

## Rætt um Hofsóslaug

Fyrsti fyrirlestur í fyrirlestraröð um íslenska byggingarlist verður haldinn í Norræna húsinu í kvöld. Til umfjöllunar í kvöld er Sundlaugin á Hofsósi.

Sigríður Sigþórsdóttir hjá Basalt arkitektum hannaði sundlauginu sem hlaut bæði steinsteypuverðlaun Íslands 2011

og Menningarverðlaun DV. Það eru þær Katrín Ragnars og Guja Dögg Hauksdóttir sem hafa umsjón með fyrirlestrinum sem hefst klukkan átta. Næstu umfjöllunarefni eru vistvæn hönnun Hennings Larsen arkitekts 6. október og hið nýgerða tónlistarhús Harpa 17. nóvember.



EVJAN Verkið The Island verður sýnt í Gamla bíói og þar voru aðstandendur á æfingu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## METSÖLULISTI EYMUSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUSSON UM LAND ALLT

24.08.11 - 30.08.11

<p><b>1</b> Einn dagur - kilja David Nicholls</p>	<p><b>2</b> Frelsarinn - kilja Jo Nesbø</p>
<p><b>3</b> Stóra Disney köku- og brauðbókin - Walt Disney</p>	<p><b>4</b> Íslenskur fuglavísir - nýr Jóhann Óli Hilmarsson</p>
<p><b>5</b> Ég man þig - kilja Yrsa Sigurðardóttir</p>	<p><b>6</b> Sjálfstætt fólk Halldór Laxness</p>
<p><b>7</b> Indjänninn - kilja Jón Gnarr</p>	<p><b>8</b> Ensk íslensk íslensk ensk orðabók - gul Orðabókauktgáfan</p>
<p><b>9</b> Hægur dauði - kilja Lene Kaaberbol/Agnete Friis</p>	<p><b>10</b> Fallið er hátt - kilja Anna Grue</p>

# Einangrun og einmanaleiki á íslensk-kanadískri eyju

Leikritið The Island er hugarfóstur fjögurra íslenskra og kanadískra listamanna. Mörkin milli einstaklinga eru skoðuð í verkinu sem er ekki hefðbundið leikrit.

„Hugmyndin að sameiginlegu verki íslenskra og vestur-íslenskra listamanna kviknaði árið 2001, en í fyrra fór að komast mynd á þetta. Í september í fyrra tókum við góða vinnutörn saman og svo í Winnipeg síðastliðið vor,“ segir Freya Olafson einn aðstandenda leiksýningarinnar The Island sem verður frumsýnd 3. september á leiklistarhátíðinni Lókal. Freyja vann sýninguna ásamt þeim Arne McPherson og Friðgeiri Einarssyni. „Upphaflega unnum við með hugmyndina um einangrun. Okkur fannst það eðlilegur útgangspunktur listamanna annars vegar frá eyju eins og Ísland er og hins vegar afskekktu svæði eins og Manitoba-fylki í Kanada þar sem tekur 28 tíma að aka í næstu stórborg. Einangrun var sem sagt upphafspunkturinn en svo fórum við

### MÓT ÍSLENSKRA OG KANADÍSKRA LISTAMANNA

Frá árinu 2006 hefur listahátíðin Núna (Now) staðið að árlegri dagskrá þar sem stefnt er saman íslenskum og kanadískum listamönnum, tónlistarmönnum, kvikmyndagerðarmönnum, dönsurum, myndlistarmönnum og leiklistarfólki í Manitoba í Kanada. Meðal þeirra íslensku listamanna sem komið hafa fram á þessari hátíð má nefna Lay Low, Megas, Ragnar Kjartansson, Mugison, FM Belfast, Erling TV Klingenberg og ýmsa fleiri. Í tilefni af fimm ára afmæli hátíðarinnar stendur Núna (Now) að hátíðinni Now (Núna) í Reykjavík og á Hofsósi samhliða leiklistarhátíðinni LÓKAL. Leiksýningin The Island er aðeins einn af fjölmörgum liðum hátíðarinnar. Dagskrá hátíðarinnar og frekari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [www.nunanow.com](http://www.nunanow.com).

að velja einmanaleika meira fyrir okkur og í framhaldinu löngun fólks til að tengjast og deila tíma saman,“ segir Freya.

Hún segir verkið ekki hefðbundið frásagnarleikhús. „Við erum öll úr sitthvorri áttinni, ég kem úr dansinum, Ingibjörg úr myndlistinni og Arne og Friðgeir eiga rætur í leiklistinni. Verkið endurspeglar það vonandi.“

Auk þeirra fjögurra sem flytja verkið standa þau Hugh Conacher ljósaðhönnuður, Guðmundur Vignir Karlsson og Margrét Bjarnadóttir að sýningunni.

The Island er hluti af þátttöku listahátíðar Now/Núna í Lókal. „Við höfum starfrækt Now um nokkurra ára skeið en á þeirri hátíð er íslensk-

um og kanadískum listamönnum stefnt saman. Því er gaman að koma hingað núna og taka þátt í hátíð hér,“ segir Freya sem er eins og aðrir aðstandendur Now af íslenskum ættum.

„Forfeður móður minnar fluttu til Kanada 1875 en forfeður föður míns um 1880. Foreldrar mínir endurvöktu svo tengslin við Ísland með því að skíra okkur systkinin íslenskum nöfnum,“ segir Freya sem hefur oft sótt Ísland heim. „Ég hef bæði komið hingað sem ferðamaður og svo til að sinna listinni, það er mjög gaman.“

The Island verður sýnd á laugar- dag og sunnudag í Gamla bíói en í Kanada næsta vor í tengslum við Now-listahátíðina. [sigrður@frettabladid.is](mailto:sigrður@frettabladid.is)

## Erró og Attersee í Listasafninu

Sýningaopnanir á teikningum eftir Erró og grafíkverkum eftir Christian Ludwig Attersee, sem Danielle Kvaran stýrir, marka upphaf á starfsári Listasafns Reykjavíkur. Báðar hefjast sýningarnar laugardaginn 3. september klukkan 16.

Á sýningu Errós verða sýndar um 200 teikningar eftir listamanninn, en hann hefur verið einna minnst þekktur fyrir þá grein. Verkin vann Erró frá árinu 1944 fram til dagsins í dag og beitti fjölbreyttri tækni og aðferðum við gerð þeirra.

Við opnun sýningarinnar, sem stendur yfir til ágústloka á næsta ári, mun Erró afhenda verðlaunafé úr sjóði sem kenndur er við móðursystur hans, Guðmundu S. Kristinsdóttur frá Miðengi. Verðlaunin eru veitt myndlistarkonum sem þykja hafa skarað fram úr í list sinni og er þetta í tólfta sinn sem úthlutun fer fram.



TEIKNINGAR Erró hefur verið einna minnst þekktur fyrir teikningar sínar í gegnum tíðina, en um 200 slíkar verða til sýnis á Listasafni Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Nýverið var listasafninu fært að gjöf safn grafíkverka frá austurríska listamanninum Christian Ludwig Attersee. Hann hefur skipað sér í fremstu raðir listamanna í

Austurríki, en gjöfin samanstendur af 63 verkum sem unnin voru á árunum 1970 til 2010. Listamaðurinn verður viðstaddur opnunina, sem stendur yfir til 6. nóvember.